

Mál nr. 6/2004

**M
og
Líftryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar**

Ágreiningur um réttarstöðu vegna sjúkdómatryggingar sem tekin var á árinu 1998.

Gögn.

1. Málskot móttengið 19.01. 2004, ásamt fylgiskjöllum 1-9.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.01. 2004.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 878/2003.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M mun hafa tilkynnt félaginu um veikindin þann 20.12. 2001 og fengið bæt看ur vegna þeirra þann 08.05. 2003. Eftir að hann tilkynnti veikindin hafði hann áfram sjúkdómatryggingu hjá félaginu. Hann mun hafa veikst af öðrum sjúkdómi árið 2003 og tilkynnt um það til félagsins. Með bréfi, dags. 30.07. 2003, hafnaði félagið ábyrgð vegna þess sjúkdóms. M telur að hann eigi rétt á greiðslu bóta einnig vegna þessa enda hafi hann greitt iðgjaldið af vátryggingu þessari og ekki sé um sama sjúkdóm að ræða og í fyrra tilvikinu.

Vátryggingafélagið vísar til þess að “trygging M var sjúkdómatrygging þar sem bótafjárhæð (höfuðstóll) var greidd út í maí 2003 ekki er um neina bótafjárhæð að ræða eftir það og þar af leiðandi fellur tryggingin úr gildi.” Félagið kveðst hafa innheimt iðgjald, eftir að búið var að tilkynna til félagsins um veikindin, “af því að tryggingin þarf að vera í gildi meðan úrskurðað er um bótaskyldu og trygging er þá fyrir hendi komi til annað veikindatilfelli og hið fyrra ekki bótaskyld”. Félagið telur að einungis sé hægt samkvæmt skilmálum að fá vátryggingarfjárhæð greidda einu sinni vegna sjúkdóms á grundvelli sama vátryggingaskirteinis. Eftir að bæt看ur voru greiddar í maí 2003 hafi vátryggingin verið felld niður. Félaginu hafi ekki verið heimilt að fella vátrygginguna úr gildi á meðan málið var til meðferðar hjá félaginu. M hafi einungis verið vátryggður fyrir ákveðinni vátryggingarfjárhæð og þegar hún hafi verið greidd út hafi vátryggingin fallið niður sbr. 5. gr. og 5. tl. 6. gr. skilmála vátryggingarinnar. Félagið vísar og til 7. gr. skilmála. Orðalag ákvæðisins gefi til kynna að bæt看ur séu einungis greiddar vegna eins sjúkdóms en ekki margra sbr. orðalagið “...ef vátryggður greinist með einhvern eftirtalinna sjúkdóma...” sbr. nánar nefnt ákvæði.

Álit.

Samkvæmt 5. gr. skilmála skjúkdómatryggingar er vátryggingarfjárhæðar getið í vátryggingaskirteini eða endurnýjunarkvittun. Í 6. gr. er ákvæði um greiðslu bóta. Í 5. tl. er þess getið að þegar bæt看ur hafa verið greiddar vátryggðum fellur vátryggingin úr gildi. Í 7. tl. sömu greinar er þess getið að “bæt看ur eru ekki greiddar vegna vátryggðs...nema sjúkdómur greinist á því tímabili sem vátryggingin er í gildi. Greinist sjúkdómur eftir að vátrygging hefur fallið úr gildi er engin bótaskylda til staðar þó leiða mætti líkum að því að sjúkdómur hefði verið til staðar meðan vátryggingin var í gildi...”

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á bótaskyldu sjúkdómatryggingar. Í framhaldi af greiðslu bóta þann 08.05. 2003 var vátryggingarfjárhæðin tæmd og í framhaldi þessa féll vátryggingin úr gildi sbr. nefndan 5. tl. 6. gr. skilmála.

M hefur ekki sýnt fram á vanrækta upplýsingaskyldu vátryggingafélagsins í máli þessu eða að unnt sé að víkja ákvæðum skilmála skjúkdómatryggingar til hliðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótagreiðslu úr sjúkdómatryggingu.

Reykjavík 11. febrúar 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.